

## Fyrsti vestur-íslenski feministinn - þættir úr baráttusögu Margrétar J. Benedictsson

**Bókarhöfundur:** Björn Jónsson

**Bókarheiti:** Fyrsti vestur-íslenski feministinn - þættir úr baráttusögu Margrétar J. Benedictsson

**Gagnrýnandi:** Auður Styrkársdóttir

**Útgáfa:** Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík 2007, 280 bls.

### MIKIL BARÁTTA – LÍTILL FEMÍNISMI

Margrét Jónsdóttir varð án efa ein merkari Íslendinga sem fluttist vestur um haf eftir harðindaárin miklu á ofanverðri 19. öld. Við lestur bókar Björns Jónssonar verða lesandanum ljósar þær mörgu ástæður sem lágu að baki því að tugir þúsunda Íslendinga ákváðu að segja skilið við allt sem þeim var kunnugt og kært og halda á vit óvissunnar – já, hreinlega snúa baki við öllu og öllum kunnuglegum og kærum og láta kylfu ráða kasti í ókunnu landi. Flestir mátu stöðuna hreinlega svo að ekki gæti hún versnað. Höfundur bókarinnar um Margréti greinir m.a. frá því að erfiðleikar við að halda lífi í skepnum í þeirri kuldatíð sem lagðist yfir landið á árunum 1880-1887 hafi haft mikil áhrif á þá ákvörðun hennar að fara vestur árið 1887, en hún fékk meðal annars þann starfa sem vinnukona að gefa lömbum saltað og reykt hrossakjöt í stað þeirrar töðu sem hvergi var að fá. Hún gerði lömbin sem sagt að kjötætum, og má með sanni segja að hér hafi flest orðið hey í harðindum! Í gnægtaborði nútímans er okkur hollt að minnast þeirra tíma þegar landið okkar hefur andað svo köldu að hér var tæplega líft mönnum og skepnum. Þeir tímar geta komið fyrirvaralítið.

Höfundur greinir ítarlega frá uppvexti Margrétar og kennir þar margra forvitnilegra grasa. Hér segir af umkomuleysi og vanmætti og hörðum húsbændum, en einnig góðvild og gæsku og velvild í garð smælingja. Lífsbaráttan var hörð í Húnavatnssýslu, sem annars staðar á landinu. Margrét varð í reynd einstæðingur og vinnukona 11 ára gömul og það markaði án efa lund hennar. Um menntun var ekki að ræða, því Margrét átti engan að sem gæti styrkt hana til náms í nýstofnuðum kvennaskóla í Húnavatnssýslu. Hún heyrði þó að í Ameríku hefðu stúlkur ótal möguleika til menntunar, og það varð til að ýta enn frekar undir útþrá hennar. Margrét var með eindæmum fróðleiksfús og átti auðvelt með að læra á bókina. Ákvörðun hennar um að flytja til Vesturheims árið 1887 var þannig á sterkum rökum reist. Þá var hún rétt liðlega tvítug.

Um fyrstu árin – reyndar fyrsta áratuginn í Vesturheimi – er höfundur nær þögull sem gröfin. Nefnir aðeins að hún hafi stundað nám í alþýðuskóla og miðskóla og síðan sótt kvöldnámskeið í bókhaldi, hraðritun og vélritun. En áður en lesandinn veit af eru liðin 15 ár og Margrét Jónsdóttir gift Sigfúsi Benedictssyni og heitir upp frá því Margrét J. Benedictsson. Um mestu þroskaár Margrétar fáum við ekkert að vita. Sennilega ráða heimildir hér miklu. Höfundur tekur fram í inngangi að þættir bókarinnar séu unnir að mörgu leyti úr dagbókarskrifum Margrétar frá ferð hennar til Íslands árið 1930 og dvöl hennar hér heima það sumar. Dagbókin ásamt ferðasögu Margrétar sem birtist í Heimskringlu eru uppistaðan í bókinni og höfundur leitar ekki frumheimilda nema að afar takmörkuðu leyti. „Eru því missagnir engan veginn útilokaðar“, segir hann í formála, og er það mál með sanni. Hér eru fáein dæmi: Jón Ólafsson þýddi ekki Kúgun kvenna eftir John Stuart Mill (s. 143). Það gerði Sigurður Jónasson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir flutti ekki fyrirlestur um „hagi og réttindi kvenna“ (bls. 78); hún flutti aðeins einn fyrirlestur. Sæmundur, bróðir Bríetar, studdi hana ekki til náms, eins og Margrét heldur fram í dagbók sinni (s. 169), heldur var það öfugt. Þá hefði verið ástæða til að gera grein fyrir eftirfarandi: Hver lánaði Margréti fyrir fargjaldinu vestur (s.77)? Hvað er að vera únitari (í trúarlegum efnum, sjá s. 155)? Hver var „næturgalinn frá Utah“ (s. 172)? Hverra manna var Vestur-Íslendingurinn Thomas A. Johnson sem var starfandi forsætisráðherra í Kanada þegar lögin um kosningarétt kvenna voru samþykkt 1916 (s. 138)?

Höfundur tekur fram í formála að rit hans sé ekki vísindaleg ritsmíð. Þetta ber þeim lesendum sem eiga fræðilegt erindi við bókina að hafa hugfast og muna að heimildir eru fleiri um líf og störf Margrétar en hér eru kynntar. Lesendur sem eiga einungis skemmti- og fræðslustefnumót við bókina ganga hins vegar á vit ánægjulegra stunda. Þeir munu fræðast um það líf sem hér var lifað á ofanverðri 19. öld, bæði í andlegum og líkamlegum efnum, ef svo má að orði komast. Eftir þann lestur verða vesturfarirnar meira en skiljanlegar. Reyndar vaknar sú spurning hvers vegna ekki fóru fleiri frá þessu guðsvolaða landi; svo nærri gekk lífsbaráttan öllum almenningi. Margir hugleiddu brottför og undirbjuggu hana jafnvel. Svo var til dæmis um föður Margrétar sem seldi tvisvar sinnum allt sitt til þess að flytjast vestur um haf en varð í bæði skiptin frá að hverfa. Þá fluttu móðir Margrétar og hálf systir vestur nokkru á eftir henni. Ég staldraði við líf móður Margrétar, Kristjönu Ebenezersdóttur. Það var í senn mjög einkennandi fyrir líf íslenskra kvenna á 19. öld, en um leið afskaplega mikið

öðruvísi og forvitnilegt. Þar koma fyrir barnadauði, hjónaskilnaður, lausaleiksbörn og flutningur í ókunnugt land. Semsé, efni í fróðlegan og æsispennandi sjónvarpsþátt! Skemmtilegt orð sá ég, orðið hraun (s. 14), sem ég hafði aldrei rekist á fyrr varðandi matargerð, en það var haft yfir stórgripabein. Þá bregður fyrir kvenmannsnafninu Blanseflúr (s. 28), einnig nýtt í mínum huga. Lesendur munu einnig fræðast um nokkra nafnkunna Íslendinga í Vesturheimi, einkum þó Margréti og nokkur skáld. Mikill fengur er að dagbókum Margrétar sem hún hélt um ferðina heim til Íslands á Alþingishátíðina árið 1930 ásamt 559 öðrum Vestur-Íslendingum. (Sú tala ein segir lesandanum hversu mikinn metnað ráðamenn þjóðarinnar lögðu í hátíðina.) Dagbækurnar komu í Landsbókasafn í byrjun árs 1988 en hafa ekki verið notaðar áður í skrifum um Margréti svo mér sé kunnugt. Höfundur styðst mjög við þessar bækur og birtir víða orðréttu kafla úr þeim. Þarna fæst nokkuð heildstæð mynd af uppvexti Margrétar á Íslandi og er fengur að því efni.

Höfundur gerir starfi Margrétar að blaðinu Freyju í Kanada nokkuð góð skil, en það var fyrsta kvenréttindablaðið sem gefið var út þar í landi. Þau Sigfús og Margrét stofnuðu það árið 1898 í kjölfar dvalar Ólafíu Jóhannsdóttur í Íslendingabyggðum í Kanada. Á forsíðu fyrsta tölublaðsins er kvæði helgað Ólafíu eftir Sigfús og hafði verið flutt í samkvæmi sem haldið var henni til heiðurs. Það er kanski einhvers konar viðurkenning stofnenda Freyju á óbeinum þætti Ólafíu í stofnun blaðsins. Höfundur fjallar um kvenfrelsisbaráttuna sem birtist á síðum Freyju og styðst þar við grein próf. Kirsten Wolf sem birtist í Skírni 2001 og nefnist „Til varnar mannúð og jafnrétti“. Freyja hóf göngu sína með 300 áskrifendum en um það leyti sem útgáfunni var hætt voru þeir orðnir 1.200 og eintök af ritinu send til Bandaríkjanna og Íslands auk nokkurra Evrópulanda. Persónulegar ástæður fremur en fjárhagslegar munu hafa ráðið því að Margrét hætti útgáfunni en þau Sigfús skildu árið 1906. Margrét hélt útgáfunni ein áfram til ársins 1910.

Höfundur fjallar einnig um Freyju sem bókmenntatímarit, og eyðir reyndar jafnlöngu máli í kvennabaráttuna á síðum blaðsins og bókmenntirnar. Þarna koma m.a. við sögu Stephan G. Stephansson, Sigurður Júlíus Jóhannesson, Jóhann Magnús og Karólína Dalmann. Höfundur fullyrðir að íslensku skáldin hafi stutt kvenréttindi með því að leggja Freyju lið. Þetta er hæpið í ljósi þess að ekkert þeirra skrifaði grein eða orti ljóð um kvenréttindi eða kvenfrelsi – og er það ólíkt því sem tíðkaðist á Íslandi þar sem nokkur stórskáld snerust á sveif með kvenréttindum í kveðskap sínum. Bar þar hæst Matthías Jochumsson.

Höfundur getur einnig um aðild Margrétar að félagsmálum Íslendinga í Vesturheimi, einkum þó meðal skálda. Minnst er á að Margrét hafi verið félagi í Hvítabandinu og að hún hafi stofnað íslenskt kvenfrelsisfélag í Winnipeg árið 1908 og verið formaður þess og ritari. Tæplega þriðjungur bókarinnar rekur barnæsku og uppvöxt Margrétar og annar tæpur þriðjungur er endursögn Margrétar í Heimskringlu af för hennar heim til Íslands árið 1930 á Alþingishátíðina. Nokkurt rými fá minningargreinar um vini hennar og þarna birtast tvö ljóð eftir Margréti og fjórar kynjasögur af Íslandi. Þá er nú orðið lítið rými eftir fyrir femínismann, sem titill bókarinnar gefur þó fyrirheit um. Raunar gefur undirtitillinn, „Þættir úr baráttusögu Margrétar J. Benedictsson“, betri hugmynd um innihald bókarinnar en aðaltitillinn. Heimildirnar sem höfundur er til tækur ráða hér för. Hann er ekki fræðimaður, eins og hann tekur fram sjálfur, og bókin verður ekki dæmd samkvæmt hefðbundnum viðmiðum á því sviði. Af því að svona háttar til leitaði höfundur ekki frumheimilda í því skyni að reyna að stoppa í þau göt sem prentaðar heimildir og opinberar minningar Margrétar og annarra skilja eftir. Ljóst er þó af lestri þessarar bókar að Margrét J. Benedictsson var um flest forvitnileg manneskja og brautryðjandi sem vert er að gefa gaum. Það hlýtur að koma að því að minningu hennar verði gerð betri og ítarlegri skil en hér er gert, ekki síst þar sem dagbækur hennar með æviminningabrotum eru tiltækar, sem og fleiri frumheimildir. Bók Björns Jónssonar er hins vegar vel fallin til síns brúks þar til önnur ítarlegri hefur verið rituð.